



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Lagt er til að tekju- og eignamörk 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði verði uppfærð til samræmis við reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Einnig er lagt til að viðmið varðandi tekjur á ársgrundvelli í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði, sbr. fylgiskjal I með reglunum, verði uppfærð til samræmis við reglugerðina.

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð:

Í d. lið 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um tiltekin tekju- og eignamörk sem tekjur og eignir umsækjenda skuli ekki vera hærrí en. Í niðurlagsákvæði d. liðar 4. gr. reglnanna er kveðið á um að fjárhæðir skuli endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega. Tekju- og eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði hafa verið miðuð við þær fjárhæðir sem fram koma í reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Þann 1. janúar 2025 tóku gildi uppreiknuð tekju- og eignamörk, sbr. reglugerð nr. 1653/2024 um breytingu á reglugerð nr. 1342/2020.

Er því lagt til að tekju- og eignamörk verði hækkuð í samræmis við framangreinda breytingu á reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum. Um er að ræða ívilnandi ákvörðun fyrir umsækjendur um félagslegt leiguhúsnæði.

Því er lagt til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Tekjur	Voru	Verða	Hækkun í kr.	Hækkun í %
Einstaklingur	7.176.000	7.485.000	309.000	4,3%
Hjón og sambúðarfólk	10.047.000	10.480.000	433.000	4,3%
Hvert barn/ungmenni undir 20 ára aldri sem er á framfæri umsækjanda	1.794.000	1.872.000	78.000	4,3%
Hvert barn/ungmenni undir 20 ára aldri sem er í umgengni hjá umsækjanda	897.000	936.000	39.000	4,3%
Eignamörk	7.745.000	8.079.000	334.000	4,3%





Breyting á viðmiðunum á matsblaði

Í samræmi við ofangreint er jafnframt lagt til að breytingar verði gerðar á matsviðmiði varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði vegna umsókna um félagslegt leiguhúsnæði, sbr. fylgiskjal 1 með reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Matsviðmiðið er greiningartæki sem felur í sér stigagjöf og notað er þegar umsóknum um félagslegt leiguhúsnæði er forgangsraðað. Hækka þarf tekjuviðmiðið þar til samræmis við hækkun á framangreindum tekjumörkum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Voru:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.176.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.664.440 til kr. 7.176.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.664.440	2

Verða:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.485.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.865.250 til kr. 7.485.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.865.250	2

